

*Lög um samþykkt á landsreikningnum 1922, undirskrifuð af konungi sama dag.*

*Fjárlög fyrir árið 1925, undirskrifuð af konungi sama dag.*

*Lög um útsvarsálagningu erlendra váttryggingarfjelaga, undirskrifuð af konungi sama dag.*

*Lög um aukaútsvar ríkisstofnana, undirskrifuð af konungi sama dag.*

*Lög um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, undirskrifuð af konungi sama dag.*

*Lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag.*

*Lög um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, undirskrifuð af konungi sama dag.*

*Lög um ríkisskuldabryjef, undirskrifuð af konungi sama dag.*

## **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um flutning þingstaðar.**

31

19. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 7. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Kálfafelli að Kálfafellsstað, enda annist hreppsnefndin um það að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

## **S A M Þ Y K T**

um

### **friðun á fýl í Vestur-Skaftafellssýslu.**

32

11. apríl

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, 3. gr. b um friðun fugla og eggja, hefir sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu gjört eftirfarandi samþykkt:

Veði á fýl (vetrarfýl) sje leyfð einungis 2ja mánaða tíma árlega, frá 15. nóvember til 15. janúar, en á öðrum tíma sje hann friðaður.

**32** Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til þess að öðlast þegar gildi og birt-  
11. apríl ist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1924.*

Magnús Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

**33**  
7. júní

## REGLUGJÖRÐ.

um

**viðauka við hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað  
frá 11. desember 1920.**

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 hefir ráðuneytið gefið út  
eftirfarandi viðauka við hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá  
11. desember 1920:

1. gr.

Auk gjalda þeirra til hafnarsjóðs, sem ákveðin eru með hafnarreglu-  
gjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 11. des. 1920, skal innheimta vörugjald  
af farmi skipa og báta, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Vestmannaeyja. Und-  
anskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til  
annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

2. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á  
land, eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, með undantekningum  
þeim er síðar getur.

3. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Vestmanna-  
eyja, en eru látnar þar á land um stundarsakir vegna skemda á skipi.
- b. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskiafurðir, þegar þetta er  
flutt á land í höfninni.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.